

Ágæta fræðslunefnd.

Við í ungmennaráðinu höfum lagt höfuðið í bleyti varðandi það að opna framhaldsskóladeild í Búðardal og viljum koma á framfæri ákveðnum hlutum.

### **Afhverju finnst okkur mikilvægt að opna framhaldsskóladeild í bæjarfélaginu?**

- Þetta er gott úrræði fyrir efnaminni nemendur. Þú sparar vissulega pening á því að sækja skóla í heimabæ.
- Þetta er gott úrræði fyrir eldri íbúa sem vilja byrja eða klára stúdentinn, þá mögulega samhliða vinnu í heimabæ.
- Þetta er gott úrræði fyrir nemendur sem vilja vinna með skóla.
- Þetta er gott úrræði fyrir nemendur sem eru á undan eða á effir í námi. Þá til þess að byrja fyrr í skóla en samnemendur eða undirbúa sig fyrir framhaldsnám.
- Nemendur sem kjósa að sækja framhaldsskóla í heimabæ munu ekki þurfa að laga sig að öðru umhverfi. Aðlögun getur verið erfið og stressandi fyrir suma og þá getur verið auðveldara að vera í heimabænum.
- Það er stór og erfið ákvörðun að flytja í burtu til að fara í framhaldsskóla þannig það er gott að hafa valmöguleikann um að læra í heimabænum. Svo gengur ekki öllum vel í að sækja skóla fjarri heimili og þá er gott að það sé möguleiki að stunda nám við framhaldsskóla í sveitarfélaginu.
- Nemendur sem kjósa að sækja framhaldsskóla í heimabæ verða nálægt fjölskyldu sinni og öllu sem það þekkir.
- Nemendur sem kjósa að sækja framhaldsskóla í heimabæ þurfa ekki að díla við heimþrá.
- Það að bjóða upp á framhaldsskólanám í bænum getur laðað að nýja íbúa.

### **Höldum við að aðstaðan yrði nýtt?**

Til að byrja með búumst við við lélegri notkun en við höldum að þetta yrði nýtt meira og meira. Það verður bara að passa að þetta lognist ekki út af, að skólanum verði viðhaldið. Sveitarfélagið okkar er fámennnt þannig við höldum að það verði alltaf fáiir nemendur í skólanum.

Að skólinn sé lífill getur verið mjög jákvætt að nokkru leyti. Sem dæmi má nefna verða nemendur skólans nánari og tengslin við kennara verða meiri. Þetta gerir það líka að verkum að kennarar hafa betri yfirsýn yfir nemendur, hvernig þeim gengur o.s.frv. Þessi nánd getur vissulega haft neikvæð áhrif. Stuðla verður að því að nemendur skólans standi saman, eigi góð samskipti hvort við annað og að enginn verði útundan.

Einnig dregur gott og virkt félagslíf fólk að sér en þar sem þetta yrði mjög fámennur skóli þá yrði lítið sem ekkert félagslíf, við teljum að það yrði a.m.k. tiltölulega erfitt að viðhalda félagslífi

**Annað sem okkur finnst mikilvægt að koma á framfæri ef kemur að því að skólinn verði opnaður.**

Framhaldsskólinn þyrfti að hafa hjá sér skólasálfræðing. Það verður að tryggja skólaumhverfið styðji við jákvæðan skólabrag og vellíðan nemenda. Nemendur verða að hafa greiðan

aðgang að sálfræðiaðstoð. Sama hvort það sé þá í samvinnu við skólasálfræðinginn í Auðarskóla eða einhvern annan. Geðheilsan er svo mikilvæg á menntaskólaárunum. Okkur finnst mikilvægt að það fari fram íþróttakennsla á einhvern hátt vegna þess að líkamleg heilsa skiptir miklu máli fyrir velferð ungs fólks.

Virk og lýðræðisleg þátttaka samfélagsins, þá helst nemenda, foreldra og starfsfólks, í mótun skólastarfsins er lykilatriði fyrir góðan skólabrag.

Okkur finnst mikilvægt að ýtt sé undir að raddir allra fái að heyrast og að nemendum finnist þeir geta haft áhrif á skólastarfið, reglur og viðhorf.

Skoðanir meðlima ungmennaráðsins eru skiptar um hvort opna eigi framhaldsskóladeild eða ekki. Sem stendur eru sumum sem þykir þetta ekki nauðsyn en öðrum sem finnst þetta vanta í sveitarfélagið okkar. Meiri hluti ungmennaráðsins þykir nauðsyn að opna skuli framhaldsskóladeild í Búðardal en við höfum allar okkar áhyggjur um að notkunin verði léleg og að erfitt verði að viðhalda félagslífi.

Virðingarfyllst, fyrir hönd ungmennaráðs Dalabyggðar:

Birna Rún Ingvarsdóttir

Dagný Sara Viðarsdóttir

Soffía Meldal Kristjánsdóttir

Sigurdís Katla Jónsdóttir